

Alþingi  
Erindi nr. P 132/620  
komudagur 13.1.2006

## Samtökin '78

félag lesbía og homma á Íslandi  
Laugavegi 3 - Pósthólf 1262, 121 Reykjavík - Sími 552 7878  
Netfang skrifstofa@samtokin78.is - Veffang www.samtokin78.is

Reykjavík 11. janúar 2006

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

EFNI: UMSÖGN SAMTAKANNA '78, FÉLAGS LESBÍA OG HOMMA Á ÍSLANDI, UM FRUMVARP  
TIL LAGA UM BREYTINGU Á LAGAÁKVÆÐUM ER VARÐA RÉTTARSTÖÐU SAMKYNHNEIGÐRA  
(SAMBÚÐ, ÆTTLEIÐINGAR, TÆKNIFRJÓVGUN), ÞSKJ. 374 – 340. MÁL.

Stjórn Samtakanna '78 fagnar því frumvarpi sem ríkisstjórn Íslands hefur lagt fyrir Alþingi og er til umfjöllunar hjá allsherjarnefnd þingsins. Verði það að lögum er um að ræða víðtækustu réttarbót og viðurkenningu á mannréttindum homma og lesbía sem um getur hér á landi. Stjórnin styður alla þætti frumvarpsins af heilum hug.

Ágæti frumvarpsins felst ekki síst í því hversu heildstætt það er. Það hefur einn skýran tilgang að leiðarljósi, réttinn til fjölskyldulífs, og miðar að því að vernda, styðja, og kalla til ábyrgðar. Það felur í sér óskorað traust og miðar að því að auðvelda samkynhneigð sambúðarform og þær þarfir sem dæmigert samlíf í fjölskyldu kallar á nú á tímum.

Þegar lög um staðfesta samvist voru samþykkt á Alþingi fyrir tæpum áratug, var bæði samkynhneigðu fólki og löggjafanum ljóst að þar var stigið fyrsta skref af mörgum í átt til jafnréttis þegnanna. Þau lög fólu vissulega í sér rétt til hjúskapar með réttindum og skyldum, en um leið var þar að finna miklar takmarkanir sem snerust um möguleika til barnaupveldis í hjúskap. Þarna stóðu samkynhneigðir á Íslandi allt í einu í þeirri athyglisverðu stöðu að vera *eini* þjóðfélagshópurinn sem naut réttar til hjúskapar með takmörkunum og *bönnum*. Um leið var í þessari lagasetningu horft framhjá þeirri staðreynd að börn voru og eru veruleiki í fjölskyldulífi samkynhneigðra og með því að sniðganga þá staðreynd í lögunum 1996, var öryggi barna að mestu fyrir borð borið. Alvarlegustu vankantar þessara laga voru að verulegu leyti sniðnir af þeim árið 2000, en takmarkanirnar sem eftir stóðu vitnuðu engu að síður um tortryggni ríkjandi menningar í garð lesbía og homma sem foreldra.

Í ljósi þessarar sögu ber sérstaklega að fagna því frumvarpi sem hér er lagt fram. Áratug eftir fyrstu réttarbætur til handa samkynhneigðum er hér stefnt að því að afnema öll þau ákvæði sem fela í sér takmarkanir sem varða lesbiur og homma í foreldrahlutverki. Með frumvarpinu er tekið mið af nútíma rannsóknnum sem vitna um það að samkynhneigðir eru jafn hæfir og aðrir þjóðfélagshópar til uppeldis með þeim réttindum og skyldum sem foreldrahlutverkinu fylgja. Hér er komið fram frumvarp sem horfir til þeirrar þekkingar sem aflað hefur verið með akademísku fræða- og rannsóknarstarfi, en lítt grundaðar ályktanir og mannlegir fordómar á hverri tíð, látin víkja. Með þessu vandaða frumvarpi

skipar Ísland sér nú í fremstu röð ríkja sem styðja og vernda jafnan rétt þegnanna til ábyrgs fjölskyldulífs.

### ÆTTLEIÐINGAR

Það er til marks um framsækni og víðsýni þeirra sem að frumvarpinu standa að það skuli miða að því að samkynhneigðum pörum sé veittur fullur réttur til ættleiðinga. Slíkt á sér nú fordæmi í sænskum lögum og ljóst er að önnur vestræn ríki munu líta til Íslands og Svíþjóðar sem dýrmætra fyrirmynda um lagasetningar sínar á komandi árum.

Spyrja má hvaða hag samkynhneigt fólk hefur af rétti til frumættleiðinga, hvort þessi réttur nýtist því og hvort hann trufla á einhvern hátt rétt annarra þegna. Í því sambandi skal minnt á *Skýrslu nefndar um réttarstöðu samkynhneigðra* (2004) þar sem fram kom að reynsla Svía af fullum ættleiðingarétti til handa samkynhneigðum í hálfri þriðja ár hafði þá á engan hátt hindrað eða truflað samskipti gagnkynhneigðra í ættleiðingarerindum við innlend eða erlend yfirvöld. Ekki er ástæða að ætla að annað verði uppi á teningnum hér á landi. Möguleikar samkynhneigðra á rétti til ættleiðinga frá öðrum ríkjum munu trúlega takmarkast fyrst í stað af þeim aðstæðum ættleiðingamála sem nú ríkja hér á landi, að börn eru hér nær einungis ættleidd frá þeim löndum sem ekki heimila ættleiðingar til samkynhneigðra para. Hér skal hins vegar minnt á að sú staðreynd er bundin tíma og stað en ekki náttúrulögmál. Til framtíðar litið má ætla að samkynhneigð pör sem leita eftir möguleikum til ættleiðinga frá öðrum ríkjum taki mið af þeim leiðum sem samkynhneigðir í öðrum ríkjum fara að lagaheimildum gefnum og leiti þar fyrirmynda, stuðnings og samstarfs. Þá mun réttur til ættleiðinga erlendra barna í framtíðinni öðlast gildi fyrir þau íslensku samkynhneigðu pör sem búsett kunna að vera erlendis og fóstura þar eða ættleiða börn með samþykki erlendra yfirvalda, m.a. í Bretlandi og Vesturheimi. Þeim yrði þá kleift að flytjast til Íslands með þessi börn sín og ættleiða þau að íslenskum lögum. Sú er raunin í Svíþjóð, og má ætla að svo verði hér á landi.

Hér er jafnframt mikilvægt að undirstrika þá staðreynd sem fram kemur í athugasemdum og greinargerð með frumvarpinu að allur réttur samkynhneigðra para til ættleiðinga lýtur hefðbundnum framgangi og leiðum í slíkum málum. Hér sem annars staðar í dæmigerðu ættleiðingafæri er hagur barna umfram allt hafður að leiðarljósi, og heimild til ættleiðinga miðast við hverja *einstaka* ættleiðingafjölskyldu, styrk hennar og hæfni til að veita barni bestan þroska. Þessi áhersla lýsir vel þeirri mannvirðingu sem einkennir frumvarpið, sérhver fjölskylda er metin eftir hæfni hennar til að axla ábyrgð en ekki eftir kynhneigð.

Þeim röksemdum er stundum beitt gegn rétti samkynhneigðra í staðfestri samvist til að ættleiða börn af erlendum uppruna, að vísa til þess sálræna álags sem slíkum börnum er búið. Tillögur frumvarpsins fela efnislega í sér að slíkri röksemdarfærslu er hafnað. Það er hyggið mat því að hún felur í sér þá gefnu forsendu að samkynhneigðar fjölskyldur hljóti í *eðli sínu* að vera slíkt frávik að álagi valdi. Sérfræðingar sem að þessum málum hafa komið benda á að vellíðan og velgengni ættleiddra barna af erlendum uppruna markist umfram allt af *samanlögðum* álagspáttum í lífi þeirra. Mat á álagspáttum í fjölskyldu hlýtur ætíð að taka mið af högum, aðstæðum og hæfni þeirra *einstaklinga* sem ala upp börn, ekki þjóðfélagshópa.

## TÆKNIFRJÓVGANIR

Ljóst er að lagaheimild sem felur í sér aðstoð við tæknifrjógungun til kvenna í staðfestri samvist á opinberum sjúkrastofnunum mun nýtast íslenskum lesbíum fljótt og vel. Tækni-sæðing með gjafasæði er staðreynd í lífi lesbía á Norðurlöndum. T.d. hefur lesbíum í Danmörku um árabil staðið til boða að þiggja nafnlaust gjafasæði á einkareknum sjúkra-stofnunum, og margar íslenskar konur hafa nýtt sér þann möguleika þar. Einnig hafa íslenskar konur leitað til Bandaríkjanna þar sem þær hafa átt kost á tæknifrjógungun með gjafasæði. Tillaga frumvarpsins um heimild til tæknifrjógungana á opinberum sjúkrastofn-unum eykur öryggi og jafnrétti þeirra kvenna sem í hlut eiga, bæði hvað heilbrigðis-kröfur, fjárhag og félagslega aðstöðu snertir, en leiðin til tæknisæðingar á erlendum einkastofnunum er langtum kostnaðarsamari en sambærileg þjónusta á íslenskum sjúkra-stofnunum og því skýrt bundin félagslegri stöðu þeirra þar sem hafa tök á að velja hana í krafti efnahags og þekkingar á úrræðum í erlendu landi.

Um velferð barna, sem verða til við tæknifrjógungun í samkynhneigðum samböndum er nærtækt að vísa til viðurkenndra rannsókna á börnum í samböndum samkynhneigðra. Þær sýna ekki marktækan mun á líðan þeirra hvort sem þau alast upp með samkynhneigðum eða gagnkynhneigðum foreldrum, heldur ræðst vellíðan barnanna einkum af því að rætt sé við þau opinskátt og teprulaust um sérstöðu þeirra. Einnig má minna á að það álag, sem kann að fylgja viðskilnaðarreynslu ættleiddra barna, er ekki til staðar í lífi barna sem getin eru við tæknifrjógungun. Þá má ljóst vera að tillögu frumvarpsins verður að skoða í ljósi laga um tæknifrjógungun nr. 55/1996 þar sem kveðið er á um að aðeins megi aðstoða við tæknifrjógungun að „andleg og líkamleg heilsa og félagslegar aðstæður parsins séu góðar“ og „að aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar“. Skv. 2. gr. laga um tæknifrjógungun er heilbrigðisstofnun einnig skylt „að bjóða þörum sem sækja um tæknifrjógungunarmeðferð og væntanlegum sæðisgjöfum faglega ráðgjöf sérfræð-inga, svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðinga“. Heimild til tæknifrjógungana gerir í öllum tilvikum ráð fyrir mati sérfræðinga á högum foreldra og hæfni þeirra til barneigna og það er vel.


Af öðrum greinum frumvarpsins, sem varða sérstaklega réttarstöðu foreldra og barna þeirra sem verða til við tæknifrjógungun, kemur fram að forsendur þessa máls hafa verið hugsaðar til hlítar. Í öllu því sem lýtur að þessum köflum frumvarpsins er hagur verðandi barna hafður að leiðarljósi og sú heimild til tæknifrjógungunar sem um ræðir miðast við hverja einstaka fjölskyldu, styrk hennar og hæfni til að veita barni bestan þroska. Eins og í tillögum frumvarpsins um ættleiðingar lýsir þessi áhersla vel þeirri mannvirðingu sem einkennir frumvarpið í heild, hér skal hver fjölskylda metin eftir hæfni hennar til að axla ábyrgð en ekki eftir kynhneigð.

## RÉTTUR FÓLKS Í ÓVÍGÐRI SAMBÚÐ

Sá þáttur frumvarpsins sem snýr að heimild fólks í óvígðri sambúð til að skrá hana á Hagstofu er mikilvægt jafnréttismál og mun strax gagnast fjölmörgum samkynhneigðum sem eru að taka fyrstu skref til sambúðar. Þó að ekki sé til heildstæð löggjöf á Íslandi um fólk í óvígðri sambúð, njóta gagnkynhneigðir þar nú umtalsverðra forréttinda umfram samkynhneigða, með réttindum og skyldum, þar sem sambúð þeirra er skráningarbær á Hagstofu. Það hald og það öryggi sem fólk nýtur núna í óvígðri sambúð kemur vel fram í umfangsmiklum breytingartillögum 1.–13. gr. frumvarpsins. Þetta öryggisnet hefur

hingað til ekki staðið samkynhneigðu sambúðarfólki til boða og þeim mun stærri er réttarbót frumvarpsins. Á liðnum árum hefur það misrétti sem samkynhneigðir í óvígðri sambúð búa við, verið mjög sýnilegt þeim sem starfa að mannréttindamálum lesbía og homma hér á landi. Ungt samkynhneigt sambúðarfólk, sem ekki telur sig ennþá tilbúið að gangast undir hjúskaparsáttmála staðfestrar samvistar, hefur ekki notið þeirra verndar laganna sem gagnkynhneigðum er búin í sömu stöðu. Fyrstu þrettán kaflar frumvarpsins eru lýsandi fyrir heildstæða hugsun þess og markvissan tilgang – að styðja og vernda fjölskyldustofnun samkynhneigðs fólks á ýmsum stigum og að tryggja henni sömu réttarvernd og þegar gagnkynhneigðir eiga í hlut.

f.h. Samtakanna '78



Hrafnhildur Gunnarsdóttir  
formaður

**Allsherjarnefnd Alþingis**  
**Alþingi**  
**150 Reykjavík**

## **VIÐAUKI**

**EFNI: ÁLIT SAMTAKANNA '78 Á BOÐUÐUM BREYTINGATILLÖGUM GUÐRÚNAR ÖGMUNSDÓTTUR VIÐ 4. GR. LAGA UM STAÐFESTA SAMVIST OG 1. OG 7. GR. LAGA UM STOFNUN OG SLIT HJÚSKAPAR.**

Þegar frumvarp ríkisstjórnar var lagt fram til 1. umræðu á Alþingi 22. nóember 2005, lýsti einn ræðumanna, Guðrún Ögmundsdóttir, því yfir að hún myndi í allsherjarnefnd þingsins kynna tillögur sínar um breytingar á lögum umfram það sem felst í frumvarpinu sem hér um ræðir, þ.e. breytingatillögur við 4. gr. laga um staðfesta samvist og breytingatillögur við 1. og 7. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar. Tillögur hennar fela í sér að nái þær fram að ganga á Alþingi, öðlast forstöðumenn trúfélaga rétt til að staðfesta samvist samkynhneigðra með löggerningi og fara þar með sama rétt og sýslumenn og fulltrúar þeirra.

Um þetta vilja Samtökin '78 tjá sig á eftirfarandi hátt:

Þingsályktunartillaga sú sem markaði upphaf að löggjafarstarfi um málefni samkynhneigðra og samþykkt var einróma á Alþingi vorið 1992, fól í sér að stefna bæri að réttarbótum sem afnema skyldu *allt* misrétti sem markað væri af kynhneigð manna. Verði það frumvarp að lögum sem nú liggur fyrir Alþingi (þskj. 374 – 340. mál) hefur öllu því misrétti sem menn nú koma auga á í lögum loksins verið eytt – nema einu. Í núgildandi lögum um staðfesta samvist er kveðið svo á um að einungis sýslumenn og fulltrúar þeirra geti staðfest samvist samkynhneigðra með löggerningi. Hér er skýr munur á samkynhneigðum og gagnkynhneigðum sem geta valið milli þess að leita til sýslumanns eða forstöðumanns trúfélags um að festa þann löggerning sem hjúskaparsáttmálinn er.

Innan íslensku þjóðkirkjunnar eru skiptar skoðanir á því hvort það skuli vera eitt hlutverk þjóna hennar að vígja samkynhneigð pör sem staðfesta samvist sína og bindast þannig hjúskaparsáttmála. Samtökin '78 leggja áherslu á að þjóðkirkjan er *ekki* eina trúfélag á Íslandi, hér starfa aðrar kristnar kirkjudeildir svo og ýmis trúfélög sem ekki játa kristna trú. Þær grundvalla starf sitt á stjórnarskrárbundnum rétti þegnanna til trúfrelsis. Með því að *heimila* það að staðfest samvist verði bæði löggerningur á hendi trúfélaga og sýslumanna, yrði staða samkynhneigðra og gagnkynhneigðra jöfnuð fyrir lögum án tillits til kynhneigðar og komið til móts við þau trúfélög sem þess óska og lýsa sig reiðubúin til að sinna slíku embættisverki. Þar er t.d. um að ræða suma kristna fríkirkjusöfnuði og Ása-trúarfélagið.


Með tillögum Guðrúnar Ögmundsdóttur er einungis verið að bjóða þeim trúfélögum *heimild* til að festa staðfesta samvist með löggerningi sem þess óska. Verði þær samþykktar felst ekki í þeim nauðung af nokkru tagi, löggjafinn er ekki að segja trúfélögum fyrir verkum, heldur er *valið* á hendi þeirra safnaða sem kjósa að nýta sér réttinn. Með núgildandi lagaákvæðum sem neita þeim forstöðumönnum trúfélaga, sem þess óska, um

réttinn til löggernings, er hins vegar beinlínis verið að segja þeim fyrir verkum – gegn vilja þeirra.

Að binda hjúskaparsáttmála í lög á vettvangi kirkju eða trúfélags hefur djúpa og tilfinningaríka merkingu í hugum fjölmargra Íslendinga, þótt sá siður sé hverfandi í heiminum í dag að trúfélög njóti heimildar til þess löggernings sem hjónavígsla er. Þó að ekki verði staðhæft að takmarkanir þær sem hér um ræðir skerði fjölskyldurétt samkynhneigðra þegna þannig að mælt verði í hagtölum og svigrúmi til athafna, er hér engu að síður á ferð alvarlegt misrétti sem vegur að *mannvirðingu* og *jafnrétti* þegnanna.

Samtökin '78 telja að orð þingsályktunarinnar frá 1992 um afnám misréttis verði þá fyrst uppfyllt þegar það misrétti hefur verið afnumið sem snýr að réttinum til að þiggja jöfnum höndum staðfestingu samvistar frá vígslumönnum úr röðum sýslumanna og forstöðumönnum trúfélaga. Samtökin '78 styðja því heilshugar boðaðar tillögur Guðrúnar Ögmundsdóttur og telja samþykkt þeirra forsendu þess að jafnrétti ríki í íslensku samfélagi án tillits til kynhneigðar.

f.h. Samtakanna '78



Hrafnhildur Gunnarsdóttir  
formaður